

1066. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 10. ágúst 2011 kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Stefán Einar Stefánsson, Ásta Rut Jónasdóttir, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Guðrún Helga Tómasdóttir, Hildur Mósesdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jón Magnússon, Kristjana Þ. Jónsdóttir, Óskar Kristjánsson, Pálmey H. Gísladóttir, Sigríður Stefánsdóttir, Sigurður Sigfússon, Helga Árnadóttir framkv.stj. og Árni Leósson sem ritar fundargerð.

Gestur fundarins var: Kristín Sigurðardóttir, forstöðumaður samskipta- og þróunarviðs VR.

Dagskrá:

Stefán Einar setti fund kl. 17:30 en lét þess getið að haldinn yrði aukafundur þann 24.08 n.k. þar sem rædd verða langtíma verkefni og sérstök kynning á jarðvarmaklasa á Íslandi sem samanstendur af orku- og tæknifyrirtækjum auk menntastofnana.

1. Fundargerðir síðustu funda

Stefán lagði fram til samþykkis, fundargerðir 1064. og 1065. stjórnarfunda VR.

Samþykkt og undirritað.

2. Launakönnun í september

a. Niðurstöður könnunar

Kristín Sigurðardóttir, gestur fundarins, kynnti könnunina og lagði fram skjalið „*Minnisblað – Trúnaðarmál – Launakönnun VR 2011 og herferð vegna launamunar kynjanna*“ dags. 3. ágúst 2011. Kom fram í máli hennar að niðurstaðan verði kynnt opinberlega í september n.k.

b. Launavog

Stefán Einar fór lauslega yfir hugmyndina um „Launavog VR“.

Umræður.

c. Auglýsingaherferð

Kristín fór yfir væntanlega auglýsingaherferð vegna launamunar kynjanna og sýndi stutt myndband sem er s.k. „story-board“ um væntanlega sjónvarpsauglýsingu.

Umræður.

Góður rómur var gerður að þessum hugmyndum en fram kom að

heildarkostnaður með öllum birtingum gæti orðið á bilinu 15 – 20 milljónir kr. Samþykkt að halda áfram með þessa vinnu.

3. Fundargerðir á ytri vef

Stefán Einar ræddi hvernig best væri að birta fundargerðir á ytri vef félagsins. Hugmyndin væri sú að tvískipta fundargerðum í annars vegar aðalatriði, bókanir og niðurstöður og svo hins vegar *ítarefni* sem ekki er birt á vef svo sem umræður og önnur mál.

Samþykkt.

4. Málafni atvinnulausra félagsmanna

Stefán Einar óskaði eftir að fá þessum dagskrárlið frestað.

Samþykkt.

5. Sex mánaða uppgjör

Stefán Einar sagði að varúðar sé gætt með ávöxtun fjármuna félagsins en um 20% þess er í erlendum fjárfestingum. Við erum í stöðugum samskiptum við erlenda ráðgjafa vegna erfiðrar stöðu á erlendum mörkuðum þessa dagana en allt er í jafnvægi eins og stendur.

Helga fór ítarlega yfir fjárfestingamál okkar erlendis og hóf svo að kynna sex mánaða uppgjör með því að fara yfir helstu tölur á skjá. Við erum yfir áætlun varðandi innheimtu gjalda og erum að sjá aukningu í félaginu. Auknar úttektir úr varasjóði sem kannski endurspeglar aukna þörf. Fjármagnsliðir eru á pari við áætlun en eru að lækka. Tekjur eru kr. 882 milljónir, 55 milljónum kr. yfir áætlun. Getum verið sátt en mikill órói er á mörkuðum svo einhverja óvissu er við að etja en fjárfestingastefna okkar er mjög varfærin og með hagsmuni félagsmanna í fyrirrími.

Umræður.

6. Skipan í nefndir

a. Nefnd um öryggi í verslunum

Stefán Einar gerir tillögu um að við skipum Elías Magnússon, forstöðumann kjaramálasviðs í nefndina. Nefndin mun skila tillögu í byrjun næsta árs og er hluti núverandi kjarasamnings.

Samþykkt.

b. Húsnæðismálanefnd

Stefán Einar sagði að við myndum ekki taka stór skref nú í húsnæðismálum en verið er að vinna að þessum málum hjá Landssamtökum lífeyrissjóða og gott að heyra af niðurstöðu þeirra vinnu fyrst.

7. Tillaga um Stefán Einar Stefánsson, Helgu Árnadóttur, Bjarna Þór Sigurðsson, Ingibjörgu Ósk Birgisdóttur, Hildi Mósesdóttur og Hrein Sigmarsson.
Samþykkt.

8. **Virkjun trúnaðarráðs**

Stefán Einar lagði fram skjalið „*Minnisblað – Virkjun trúnaðarráðs og fundir þess*“ dags. 10. ágúst 2011, og fór yfir efni þess. Kom fram að trúnaðarráðsfundur verður haldinn í september n.k. þar sem málefnið verður launakönnunin og jafnréttismál. Fyrirhugað er að þar verði frumsýnd auglýsingin sem verið er að hanna. Síðan verður annar fundur í október þar sem farið verður yfir kjarasamningana og endurskoðun þeirra. Sérstakir morgunverðarfundir verða haldnir fyrir trúnaðarráðsfólk þar sem rætt verður hvernig best sé að efla trúnaðarráð og í kjölfar þessa verður stillt upp s.k. spjallborði þar sem kallað verður eftir sjónarmiðum gegnum netið.

9. **Styrkbeiðni frá Hagsmunasamtökum heimilanna**

Stefán Einar lagði fram skjal „*Tölvupóstur – Hagsmunasamtök heimilanna*“ dags. 21.06 2011, frá formanni samtakanna, Andreu J. Ólafsdóttur. Óskað er eftir styrk, 200 – 250 þús. kr., þar sem þess skal freistað að höfða lögbannsmál á hendur þeim fjármálafyrirtækjum sem innheimta greiðslur af ólögætum lánum.

Umræður.

Ingibjörg Ósk gerir að tillögu sinni að málinu sé frestað til næsta fundar.

Tillagan er felld 7 gegn 6.

Stefán Einar gerir tillögu um að veita 200 þús. kr. styrk með þeim skilyrðum að alveg sé ljóst að peningarnir fari aðeins í það málefni sem lýst er í erindinu og sé greitt út við þingfestingu málsins.

Tillagan er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

10. **Trúnaðarmenn á vinnustöðum**

Endurkjör:

Margrét Sveinsdóttir

Icelandair Group

Nýr:

Guðjón Gunnarsson

Icepharma

Friðrik S. Einarsson

Aðföng

Anis Aref

Aðföng

Samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:34
Árni Leósson, fundarritari